

Fundarnúmer:	549
Dagsetning:	14.07.2008
Tími:	10:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

549. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 14. júlí 2008 kl. 10:00 í fundarsal að Hvammstangabraut 5.

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar.
2. Umsókn um styrk vegna námskeiðs.
3. Erindi skipulagsstofnunar dags. 3. júlí 2008.
4. Bréf frá Reykjavíkurborg, umsókn um skólavist.
5. Gjaldskrá leikskóla, endurskoðun afsláttarreglna.
6. Viljayfirlýsing um starfsendurhæfingu.
7. Fundargerð skipulags-og umhverfissráðs nr.148
8. Bréf Sjávarútvegsráðuneytisins, frá fundi 548.

Afgreiðslur:

1. Til viðræðna við byggðarráð er mættur forstöðumaður tæknideildar. Farið yfir fyrirhugaðar gatnaframkvæmdir ársins 2008. Byggðarráð samþykkir að fjárveiting ársins að upphæð kr. 14.400.000 sem ætluð var til endurnýjunar Hvammstangabrautar, Norðurbrautar og Hlíðarveggar verði nýtt til að ljúka undirbyggingu götu og bílastæðis við Miðtún auk malbikunar á Miðtúni, Bakkatúni, Garðavegi (lenging götu) og Teigagrund (lenging götu). Umframkostnaði verði vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar. Fyrir liggja tilboð í malbik og útlögn frá Króksverki ehf. kr. 2.951 pr. m² og frá Malbiki og Völtun ehf. kr. 3.126 pr. m². Byggðarráð samþykkir að taka tilboði frá Króksverki ehf.
2. Erindi frá Sveinu G. Ragnarsdóttur. Beiðni um styrk vegna námskeiðs á vegum Lesblindu ehf. sem haldið var á Hvammstanga 30. júní -2. júlí s.l. Byggðarráð samþykkir í samráði við skólastjóra að Grunnskóli Húnaþings vestra greiði 50% af námskeiðskostnaði.
3. Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 3. júlí 2008. Erindinu vísað til skipulags-og umhverfissráðs.
4. Lagt fram bréf Reykjavíkurborgar, dags. 27.06.2008, beiðni um skólavist í grunnskóla Húnaþings vestra. Byggðarráð samþykkir erindið.
5. Gjaldskrá leikskóla. Lögð fram tillaga um að systkinaafsláttur frá og með þriðja barni sem í er dag 60% verði 100% frá og með 1. ágúst n.k. Tillagan samþykkt.
6. Lögð fram til kynningar viljayfirlýsing um starfsendurhæfingu í Húnavatnssýslum.
7. Lögð fram fundargerð 148. fundar skipulags-og umhverfissráðs frá 10. júlí 2008. Fundargerðin er í átta liðum. Byggðarráðið samþykkir fundargerðina.
8. Lagt fram bréf frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu dags. 27. júní 2008 um úthlutun byggðakvóta.
Byggðarráð Húnaþings vestra samþykkir eftirfarandi: Ákvæði reglugerðar nr. 605 frá 24. júní 2008 gilda með eftirfarandi viðaukum/breytingum:
a) Byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og fengið hafa úthlutun samkvæmt reglugerð nr. 719/2007 vegna aflabrests á rækju í innanverðum Húnaflóa og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 605/2008 að öðru leyti. Skipting er eftirfarandi: 35% er skipt jafnt milli ofangreindra skipa og 65% milli ofangreindra skipa þannig að til viðmiðunar verði löndunarhæsta ár útgerðar í Hvammstangahöfn í þorskígildum talið. Viðmiðunarárin eru 3 síðustu fiskveiðiár nú 2004/2005, 2005/2006 og 2006/2007.
b) Ákvæði 4. gr. reglugerðar um 15 þorskígildislesta hámarksúthlutun er fellt niður. Jafnframt óskar Byggðarráð Húnaþings vestra eftir því við Sjávarútvegsráðherra að hann veiti undanþágu á 6. gr. reglugerðar nr. 605/2008 um vinnsluskyldu byggðakvótans. Rökstuðningur, eingöngu er rækjuvinnsla í byggðalaginu, en engin bolfiskvinnsla. Viðaukar/breytingar frá reglugerð nr. 605 er felast í tillögum Húnaþings vestra eru að

mestu leiti eins og sérákvæði Húnaþings vestra voru endanlega hvað varðar byggðakvóta á fiskveiðiarinu 20